



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 26.11.2014
Tilvísun vor: 00.11

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, 321. mál.

Landsvirkjun fagnar því að stjórnvöld marki stefnu varðandi lagningu raflína í jörð og framtíðaruppbyggingu flutningskerfis raforku en bendir jafnframt á mikilvægi þess að hafa í huga og meta áhrif þess að leggja raflínur í jörðu á raforkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja.

Í tillögu að þingsályktun eru sett fram viðmið um hvenær jarðstrengur skuli valinn umfram loftlínu þrátt fyrir kostnaðarauka. Að mati Landsvirkjunar verður að fara mjög varlega í að setja slík viðmið fyrir meginflutningskerfi raforku vegna þeirra áhrifa sem slíkt getur haft á flutningskostnað rafmagns. Nú þegar er kostnaður við flutning á rafmagni til stórnotenda talsvert hátt hlutfall af rafmagnsverði og nauðsynlegt er að sá hluti sem greiddur er fyrir flutning á rafmagninu hækki ekki úr hófi frá því sem þegar er.

Í tillögunni er miðað við að að beita kostnaðarsamanburði við mat á því hvort lagður er jarðstrengur eða háspennulína, en þó er heimilt að víkja frá því í undantekningartilvikum, t.d. vegna tæknilegra atriða, umhverfis- eða öryggissjónarmiða. Landsvirkjun telur að þetta sé skynsamleg nálgun en leggur þó áherslu á að hvert tilvik fyrir sig verði metið. Landsvirkjun bendir jafnframt á að tæknilegir erfiðleikar fylgja því að flytja háspennt rafmagn með riðstraum um langan veg í jarðstrengjum. Það þarf því ávallt að leggja mat á áhrif á flutningsgetu, afhendingaröryggi, orkutap og aðra tæknilega þætti.

Samorka hefur sent umsögn, dags. 21. nóvember 2014, um þingsályktunartillöguna og tekur Landsvirkjun undir þær athugasemdir sem þar eru gerðar.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri